

# Stjórnarfundur Geðhjálp 02.07.2015

---

**Mættir:** Hrannar, Sveinn Rúnar, Sylviane, Þórður, Jón Tryggvi, Védís, Auðna Ýrr, Bergþór, Einar Kvaran og Anna Gunnhildur.

1. **Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar. Undirritun fundargerða (EK).**  
Fundargerð samþykkt.

2. **Fráfall Einars Arnar Eiðssonar.**

Uppkast af bréfi HJ og AGÓ vegna samskipta Einars Arnar við starfsmenn geðsviðs og bráðamóttöku lesið og rætt. Ákveðið að funda með framkvæmdastjóra geðsviðs og yfirlækni bráðamóttöku vegna málsins hið fyrsta.

3. **Fjölmennt, framhald (HJ).**

Fundur með talsmönnum Fjölmenntar og Proskahjálp virtist bera takmarkaðan árangur. Haldið verður áfram að óska eftir fundi með menntamálaráðherra vegna málsins. Ýmsir fletir málsins ræddir.

4. **Kynning á niðurstöðum nefndar um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála á Íslandi (SL).**

Sylvian, fulltrúi Geðhjálp í hópnum, kynnti niðurstöður hans fyrir stjórninni. Niðurstöðurnar verða sendar til stjórnarmeðlima með fundargerð.

Sylviane var almennt sátt við vinnu hópsins þótt hún teldi að forgangsraða hefði mátt verkefnum hans betur. Hún talaði um mikilvægi þess að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði samþykktur til að tillögur hópsins næðu fram að ganga.

5. **Úthlutun rekstrar- og verkefnastyrkja frá ÖBÍ (HJ).**

Verkefnastyrkur Geðhjálp var skertur um 740.000 kr. vegna þess að fulltrúi félagsins náði ekki 67% mætingu. Mæting hans var ríflega 62%. Framkvæmdastjóra var falið að leita frekari skýringa hjá ÖBÍ.

6. **Allen Frances, Mike Slade og alþjóðlegar ráðstefnur (HJ).**

Haft hefur verið samband við Allen Frances, aðalritstjóra DSM 4 og mikinn gagnrýnanda DSM 5. Hann hefur áhuga á að koma til landsins í júní á næsta ári. Kostnaðurinn við að fá hann er um 500.000 kr. Framkvæmdastjóra var falið að ganga til samninga við Frances og leita samstarfs um fjármögnun ferðar hans til Íslands við sjúkrahús og háskóla.

Samþykkt var að Hrannar færi á ráðstefnu interrelate-hóps notenda í Kanada í haust. Hann fékk umboð til að hefja undirbúning að ráðstefnu hópsins hér á landi á næsta ári.

7. **Útmeð'a, stöðutjekk (HJ, AGÓ).**

Útmeð'a hefur hlotið mikla athygli fjölmiðla og alls almennings. Verkefninu

Lýkur með viðhöfn við húsnæði Rauða Krossins í Efstaleiti á sunnudaginn kl. 12.

Stefnt að því að frumsýna myndband í tengslum við verkefnið á forvarnardegi sjálfsvíga þann 10. september næstkomandi.

**8. Lýðheilsusjóður vegna forvarnaverkefnis – afstaða stjórnar til áfrýjunar (HJ, AGÓ).**

Stjórn Lýðheilsusjóðs hefur tekið jákvætt í áfrýjun félagsins vegna styrks til Útmeð'a verkefnisins. Ljóst verður hvort fjármagn verður til að styrkja verkefnið í haust.

**9. Framkvæmdir, flutningur í Borgartún 30 (HJ, AGÓ).**

Búið að setja upp vegg og mála húsnæðið í Borgartúninu að innan.

Stjórnarmenn geta komið og fylgst með framvindunni, á skrifstofutíma þ.e. fram til kl. 17.30. Stefnt er að því að húsnæðið verði tilbúið 20. júlí og hægt verði að flytja inn í lok júlí.

**10. Kynning á nýrri heimasíðu (AGÓ).**

Frestað til næsta fundar.

**11. Kynning á meistararitgerð (SHB).**

Frestað vegna fjarveru Sigrúnar Heiðu Birgisdóttur.

**12. Önnur mál.**

Bergþór sagði frá því að knattspyrnuliðið FC Sækó hefði fengið hvatningarverðlaun Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Fjallað um framlag Geðhjálp til starfshóps um svokallað utankjarnaþjónustu.

**Fundi var slitið um kl. 19.15.**